




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Reykjavík, 13. nóvember
2014
SFS2011100190
0.3.0

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

**Efni: Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs um „Reykjavík – borg fyrir ungt fólk“.
Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri. R11100296**

Á fundi borgarráðs 11. september 2014 var lögð fram skýrsla starfshóps um stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri.

Borgarráð samþykkti að vísa skýrslunni til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri, Reykjavík- borg fyrir ungt fólk, er fjallað um uppeldi og menntun ungs fólks. Að grunnskólar undirbúi ungt fólk til frekara náms, geri ráð fyrir fjölbreyttu áhugasviði og bjóði upp á bæði bóklegt og verklegt nám. Ungt fólk fái stuðning og ráðgjöf við hæfi m.a. til að fyrirbyggja brottfall og að horft sé bæði til formlegs og óformlegs náms. Slíkar áherslur falla mjög vel að stefnu og áherslum skóla- og frístundasviðs. Tekið er undir mikilvægi þess að leggja áherslu á að fyrirbyggja brottfall og mikilvægi formlegs sem óformlegs náms fyrir ungt fólk. Virk þátttaka ungs fólks í samfélaginu er mikilvæg bæði í námi og atvinnu. Einnig er mikilvægt að lögð er áhersla á að vinna að því að styrkja sjálfsmynd og vellíðan ungs fólks almennt.

Skóla- og frístundasvið lýsir ánægju með að í stefnunni er lögð aukin áhersla á forvarnir í þessum aldurshópi og að unnið verði gegn allri mismunun s.s. vegna kynhneigðar, fötlunar og uppruna. Huga þurfi að frístundum ungs fólks og að ungu fólki verði skapaður vettvangur til að sinna hugðarefnum sínum og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Reykjavíkurráð ungmenna hefur alls 8 sinnum frá árinu 2002, lagt fram tillögur um aukið frístundastarf fyrir 16 ára og eldri og þau fjallað um mikilvægi þeirra á fundum sínum með borgarstjórn Reykjavíkur. Tillaga frá 2014 var eftirfarandi: „Það er mikilvægt að ungmennahús fyrir 16-25 ára verði starfrækt í öllum hverfum borgarinnar. Þau gegna mikilvægu hlutverki í forvarnarstarfi ungmenna og bjóða þeim upp á fjölbreytt og öruggt félagslíf undir leiðsögn fagaðila. Félagsmiðstöðvastarf unglinga endar þegar þau þurfa mest á því að halda eftir grunnskóla. Nauðsynlegt er að ungmennahús verði fastur liður í fjárhagsáætlun borgarinnar.“ (Tillaga lögð fram árið 2014)

Sjá nánari umfjöllun um tillögurnar í fylgiskjali 1.

Í lokakafla stefnunnar er fjallað um innleiðingu og eftirfylgni og að svið borgarinnar beri ábyrgð á að þeir þættir í stefnumótuninni sem að þeim snúa rati inn í starfsáætlanir og áherslur og að unnið sé að málefnum ungs fólks í samræmi við stefnuna. Sviðstjórar beri ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar innan viðkomandi sviðs og að unnar séu aðgerðaráætlanir sem byggja á stefnunni.

Helsti veikleiki þessarar stefnu liggur í lokakaflanum en þar liggur ábyrgðin of dreifð og því miklar líkur á að stefnunni verði lítið fylgt eftir. Skilgreina þyrfti betur ábyrgð hvers sviðs á áhersluþáttum í stefnunni. Í ný samþykktri forvarnarstefnu borgarinnar er mun skýrara kveðið á um ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og eftirfylgni/aðgerðaráætlun sett á herðar ákveðinna aðila sem bera ábyrgð á því að virkja stofnanir borgarinnar með í framkvæmd stefnunnar. Hvar á ábyrgð á þessum málaflokki að liggja?

Töluvert af þeim áherslum sem stefnan fjallar um eru ekki innan fjárhagsramma borgarinnar í dag. Því þarf að huga að því að gera sviðum borgarinnar það kleift fjárhagslega að sinna þessum aldurshópi eins og stefnan býður.

Frístundamiðstöðvar SFS hafa síðast liðin ár auk Hins Hússins rekið starfsemi fyrir 16+ hópinn en frístundamiðstöðvarnar hafa sótt styrk til þeirrar starfsemi til ÍTR og er fjármagni einungis úthlutað til einnar annar í senn. Frístundamiðstöðvarnar eru með opið einu sinni í viku fyrir þennan aldurshóp að meðaltali og eru það ungmennin sjálf sem skipuleggja starfsemina með stuðningi starfsmanns frístundamiðstöðvar. Íbúðin og Jökla eru ungmennahús rekin af frístundamiðstöðvunum Kringlumýri og Frostaskjóli auk þess sem ungmennastarf í Breiðholti er rekið af Miðbergi, í Árbæ og Holtum af Árseli og í Grafarvogi er ungmennahúsið Keldan rekið af Gufunesbæ. Hitt Húsið rekur starfsemi fyrir þennan aldurshóp, þjónar allri borginni en er staðsett í miðborginni og því hefur Kampur ekki farið af stað með ungmennastarfsemi. Frístundamiðstöðvarnar hafa fjármagn til reksturs þessara verkefna til áramóta þ.e. með fjármagni frá ÍTR. Nú er ekki ljóst hvort frístundamiðstöðvarnar fái fjármagn til að reka 16+ starf/ungmennahús frá og með 1. janúar 2015. Í fylgiskjali 2 er fjallað stuttlega um þá starfsemi sem frístundamiðstöðvar SFS hafa verið að bjóða ungu fólki s.l. misseri en sótt hefur verið um styrki vegna þeirrar starfsemi til ÍTR og annarra sjóða. Ýmsir áhersluþættir í stefnunni lúta að þeim þáttum sem frístundamiðstöðvarnar hafa verið að leitast við að sinna án þess að hafa til þess fast fjármagn. Þar má nefna eftirfarandi áherslupunkta:

- Menntun sem fæst í gegnum þátttöku í félags- og frítímastarfi verði viðurkennd og leiðir þróaðar til að meta hana að verðleikum.
- Þjónusta við ungt fólk verði mótuð og þróuð, bæði hvað varðar formlegt og óformlegt nám, í samráði við ungt fólk í takt við þá þróun sem á sér stað í samfélaginu.
- Frístundaþjónustu á vegum borgarinnar verði eflað, sér í lagi fyrir ungmenni úti í hverfum.
- Forvarnir í nærumhverfi verði nýttar til þróunar sértækra úrræða.
- Stuðla þarf að virkni ungs fólks sem tilheyrir minnihlutahópum og áhættuhópum, svo sem vegna félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna.
- Ungu fólki verði skapaður vettvangur til að sinna hugðarefnum sínum og hrinda hugmyndum í framkvæmd.

Til að stefnan nái fram að ganga þyrfti að festa fjármagn til starfssemi fyrir 16 ára og eldri í sessi hjá Reykjavíkurborg t.d. hjá frístundamiðstöðvunum.

Ungmennin hafa bent á skörp skil milli þess að hafa verið í skipulögðu tólmstundastarfi í félagsmiðstöðvum yfir í mjög takmarkað framboð skipulagðs frístundastarfs í hverfum eftir grunnskólaaldur þar sem í boði er valfrjáls þátttaka. Þetta hefur greinilega komið fram í félagsmiðstöðvastarfi, þar sem „fyrirverandi“ unglingar koma í félagsmiðstöðina langt fram eftir vetri til að sækja í tengslanetið sem þeir höfðu, en er ekki lengur til staðar. Svo virðist sem að ungmenni í úthverfum borgarinnar sækja ekki þjónustu Hins Hússins sem ætlað er fyrir þennan aldur m.a. vegna þess að um langan veg er að fara. Færa má rök fyrir því að meiri líkur séu á því að ungmennin haldi sambandi og efla félagsleg tengsl sem þegar eru til staðar, ef staðurinn sem hist er á er innan hverfis heldur en ef hann er í miðbænum.

Unga fólkið hefur jafnframt ítrekað upplifun sína af því félagslífi sem býðst við upphaf framhaldsskólagöngu. Þar er meginþungi félagslífsins „björkvöld og böll“ svo vitnað sé til orða fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna á opnum fundi með borgarstjórn. Þeim sem ekki hugnast slíkt hafa fátt annað en takmarkað starf ungmennaopnana frístundamiðstöðvanna nú sem hafa ótraustan rekstrargrundvöll.

Almennt sýna kannanir fram á mjög takmarkaða þátttöku í félagsstarfi ungmenna, sérstaklega í þeim hópi sem ekki eru í námi og eru án vinnu. Sá hópur sem ekki er í skóla hættir til að einangrast, eða þá að eina félagstarfið sem þessi einstaklingar hafa val um er skemmtanálífið í miðbænum um helgar. Sá hópur sem hvorki er í vinnu né skóla er oft á tíðum falinn hópur og endar oft með því að þurfa að fá fjárhagsaðstoð hjá borginni. Þennan hóp þarf að nálgast, kortleggja og virkja þannig að hann verði sýnilegur og hætti að vera byrði á borginni.

Einnig er mikilvægt er að huga sérstaklega að málefnum ungmenna sem eru fötluð og/eða þurfa sértækan stuðning á einhvern máta til almennrar þátttöku í samfélaginu sem og félagslegrar virkni. Félagleg einangrun þeirra er mikil og nauðsynlegt er að bjóða þeim upp á fjölbreytt frístundastarf. Þannig geta þau tekið þátt í að skapa sér vettvang þar sem þau geta notið sín á eigin forsendum, efla félagslíf sitt og tengsl við jafnaldra og fengið þá aðstoð sem þau þurfa til að efla sjálfsmynd sína og félagsfærni.

Einn mikilvægasti þáttur hvers kyns starfs fyrir ungmenni 16 ára og eldri er að ungmennin taki virkan þátt í skipulagningu starfsins og móti sjálf leiðir, hugmyndir og útfærslur á starfseminni undir handleiðslu starfsmanna. Ungmennaráð hverfanna skipar stórt hlutverk í lýðræðislegri þátttöku ungmennanna og yrði framvörður starfsins inná við til ungmennanna sem og út á við m.a. með ábendingum og leiðbeiningu er varðar málefni er tengjast þessum aldursþóp.

Fylgiskjal 1

Fyrsta tillagan um aukið starf fyrir 16 ára og eldri kemur strax fram á fyrsta fundi Reykjavíkurráðs og borgarstjórnar árið 2002 eða fyrir 12 árum síðan.

Afþreyingarhús fyrir 16 ára og eldri.

Á grunnskólaaldri stendur unglingum til boða að sækja félagsmiðstöð í sínu hverfi. Eftir að sextán ára aldri er náð þá er ekkert félagsstarf eða nein aðstaða til tómstundarstarfs utan þess litla sem framhaldsskólarnir bjóða upp á (þar að auki er ekki víst að allir sæki skóla eftir útskrift úr gagnfræðaskóla). Margt ungt fólk kvartar undan aðstöðuleysi, því skorum við á ÍTR að taka þetta mál til endurskoðunar og nýta auð húsakynni í eigu borgarinnar undir félagsstarf fyrir ungmenni sem náð hafa 16. ára aldri. (Tillaga lögð fram árið 2002)

Árið 2007 koma síðan tvær tillögur, annars vegar um Ungmennahús í Árbæ og hins vegar um frístundahús í Gufunesi fyrir 16 ára og eldri.

Ungmennahús í Árbæ

Flutningsmaður: Eyjólfur D. Runólfsson, Ungmennaráði Árbæjar og Grafarholts

Mikil þörf er á ungmennahúsi fyrir krakka á aldrinum 16-rúmlega tvítugs. Lítið hefur verið gert fyrir þennan hóp og að byggja ungmennahús væri góð forvörn. Þetta myndi vera staður þar sem ungt fólk á þessum aldri gæti sótt í. Húsið myndi af mestu leyti vera rekið af ungmennum. Þessi staður væri staður þar sem ungt fólk gæti hist og jafnvel fengið hjálp frá jafnöldrum sínum með heimanám og fleira. (Tillaga lögð fram árið 2007)

Byggt verði frístundahús í Gufunesi.

Flutningsmaður: Þuríður Davíðsdóttir, Ungmennaráði Grafarvogs

Ungmennaráð Grafarvogs óskar eftir að reist verði frístundahús í Gufunesi sem myndi þjóna ungmennum Grafarvogs og nágrennis. Fjölnota húsnæði sem gæti nýst fyrir fjölbreytta starfsemi fyrir alla aldurshópa. Þarna gætu m.a. ungmenni á aldrinum 16 + nýtt aðstöðu til að læra, komast í tölvur, reka klúbba, fá æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir og alls kyns starfsemi en í dag er engin slík aðstaða fyrir eldri ungmenni í Grafarvoginum, Eina sem er í boði er Hitt Húsið og það þykir of langt í burtu til að það nýtist okkur að ráði. (Tillaga lögð fram árið 2007)

Árið 2008 er svo ítrekuð tillaga um ungmennahús og þá er lagt til að það verði alla vega eitt slíkt miðsvæðis í Reykjavík svo það nýtist betur úthverfum. Árið 2009 var einnig lögð fram tillaga um ungmennahús.

Árið 2010 var áfram fjallað um málið í Reykjavíkurráði ungmenna og þá var vilji fyrir einhvers konar sköpunarmiðstöð fyrir ungt fólk en í sama anda og fyrri hugmyndir um ungmennahús.

Árið 2011 hljómaði tillagan um að fá alla vega aukið starf fyrir 16+ yfir sumarið.

Árið 2013 er aftur tillaga um aukið starf fyrir 16 ára og eldri en ekki endilega um sérstakt hús heldur alla vega einhvers konar starfsemi og aðstöðu. Og árið 2014 var svo enn á ný tillaga lögð fram um aukið starf fyrir 16-25 ára og þar er aftur lagt til að ungmennahús verði byggð upp í öllum hverfum borgarinnar.

Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna Margrét Sæmundsdóttir, Ungmennaráði Árbæjar, og Holta, flutti svohljóðandi tillögu á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna 25. mars 2014 s.l. um aukið starf fyrir 16 ára og eldri.

„Það er mikilvægt að ungmennahús fyrir 16-25 ára verði starfrækt í öllum hverfum borgarinnar. Þau gegna mikilvægu hlutverki í forvarnarstarfi ungmenna og bjóða þeim upp á fjölbreytt og öruggt félagslíf undir leiðsögn fagaðila. Félagsmiðstöðvastarf unglunga endar þegar þau þurfa mest á því að halda eftir grunnskóla.

Nauðsynlegt er að ungmennahús verði fastur liður í fjárhagsáætlun borgarinnar.“ (Tillaga lögð fram árið 2014)

Fylgiskjal 2

Ungmennahús/starfsemi 16 + sem frístundamiðstöðvarnar verið að bjóða:

Hér að neðan verður fjallað stuttlega um þá starfsemi sem frístundamiðstöðvar SFS hafa verið að bjóða ungu fólki s.l. misseri en sótt hefur verið um styrki vegna þeirrar starfsemi til ÍTR og annarra sjóða.

Það hefur tekið talsverðan tíma að kynna þetta starf fyrir ungmennum hverfanna og gera það sýnilegt. Almennu eru viðbrögð ungmennanna mjög góð og þau sýna áhuga á frekari þátttöku. Heilmikið undirbúningsstarf hefur verið unnið og má segja að árangur erfiðisins sé að koma í ljós núna í ungmennahúsunum/starfseminni.

Það sem hefur háð verkefninu í ár og undanfarin ár er:

1. Ákvörðun um fjármagn til að keyra verkefnið kemur frekar seint. Hætta er á að missa reynslumikið og áhugasamt starfsfólk í önnur störf.
2. Starfsfólk vill síður binda sig í verkefni ef það er ekki öruggt með áframhaldandi ráðningu en flestir eru að leita sér að vinnu allan veturinn.

Jökla, ungmennahús í Vesturbæ: Frostaskjól hefur lengi verið samkomustaður unglinga og ungmenna í Vesturbænum og þann 3. apríl 2014 fór fram vel heppnuð opunarhátíð ungmennahússins Jöklu. Jökla er frábrugðið því starfi sem unnið er á grunnskólastigi en þar koma ungmennin að allri skipulagningu, vinna að kostnaðaráætlun og setja sér sjálf markmið og viðmið í starfinu með aðstoð starfsfólks, sem er þeim til halds og trausts. Í Jöklu er frábær aðstaða sem ungt fólk í Vesturbænum getur nýtt sér til sköpunar, afslöppunar, lærdóms, eldamennsku og ræktað allt það sem sál og hugur grípur. Starfsfólk ungmennahússins og hjarta ungmennahússins; unga fólkið sjálft, sjá Jöklu sem viðbót við félagslíf framhaldsskólanna og vettvang þar sem einstaklingar á aldrinum 16 til 18 ára geta skapað og notið í vímuefnalausum umhverfi. Jökla ungmennahús er staður þar sem hægt er að funda, vinna hljóð, myndbönd, skólablöð eða bara næra sálartetrið í góðum félagsskap. Jökla ungmennahús er opið fimmtudagskvöld frá kl. 20:00-23:00. Einnig er hægt að nýta aðstöðu Jöklu á opnunartíma skrifstofu Frostaskjól, frá kl. 09:00-17:00 alla virka daga. Sjá nánar um Jöklu í fylgiskjali 3

16 + starf í Miðbergi: Markmið með starfinu eru meðal annars að veita ungmennum 16 til 25 ára öruggan stað þar sem þau geta hitt vini, félag og jafnaldra sína í vímuefnalausum og öruggu umhverfi. Með ungmennahúsinu er verið að koma til móts við þarfir og óskir ungmenna Breiðholts með því að bjóða upp á frítt frístundastarf í þeirra nærumhverfi. Þekking starfsfólks Miðbergs og góð tenging þess við ungmennin skiptir mikli máli og margir koma meðal annars til að hitta starfsfólk, ræða við það og fá ráð. Þá er markmið með starfinu að vera ungmennunum innan handar ef þau vilja skipuleggja viðburði, tónleika og eða aðrar uppákomur og reyna að ná til þeirra sem ekki sækja framhaldsskóla.

Mikil þörf er fyrir starfsemi að þessu tagi þar sem mikið af félagslífi framhaldsskólanna er tengt áfengisnotkun eins og böll og bjórkvöld og er mjög mikilvægt að bjóða upp á frístundastarf þar sem

engin áfengis, vímuefna eða tóbaksnotkun kemur við sögu. Ungmennin vilja geta sótt félagsmiðstöð í sínu hverfi áfram eftir að grunnskólagöngu líkur. Þeim finnst ennþá gaman að hitta jafnaldra sína og hafa afdrep til að hittast og spjalla, skemmta sér og hafa gaman í sínu hverfi með fólki sem þau þekkja eða kannast við. Það er líka mjög gott fyrir félagsþroska þeirra að vera í umhverfi þar sem samskipti eru mikil og samskiptafærni þeirra eykst. Starfsfólk er alltaf til staðar til að beina umræðum á rétta braut og ræða við þau um allt það sem skiptir þau máli. Starfsfólk sér líka til þess að engin verði út undan. Hingað til hefur fjölbreyttir hópar sótt ungmennahúsið og er mæting sífellt að aukast. Opið er einu sinni í viku en mikil þörf er á að meiri opnun en til þess þyrfti annað húsnæði þar sem félagsmiðstöðin er opin öll önnur virk kvöld í húsnæðinu sem notast er við.

Íbúðin ungmennahús í Kringlumýri: Starfið hófst á haustdögum 2010. Þá var myndaður hópur 9 ungmenna úr hverfi Laugardals og Háaleitis sem vann að því í einn vetur að skapa grunnhugmyndafræði að starfandi ungmennahúsi í hverfinu. Veturinn á eftir, 2011-2012, hélt hópurinn áfram störfum, skerpti á hugmyndafræðinni, fékk húsnæði til tímabundinna afnota og opnaði starfsemina fyrir öðrum ungmennum. Haustið 2012 var verkefnið húsnæðislaust en það nýtti hópurinn til að rýna enn betur í hugmyndafræðina með tilliti til rýmis, þátttöku og framkvæmda. Við upphaf árs 2013 hlaut verkefnið styrk frá ÍTR sem gerði því kleift að ráða starfsmann, flytja í nýtt húsnæði og þróa starfsemina enn frekar. Verkefnið hefur hingað til hlotið styrki frá Lýðheilsustöð, Hverfaráðum Laugardals og Háaleitis og ÍTR auk mótframlags frá Frístundamiðstöðinni Kringlumýri.

Hugmyndafræði Íbúðarinnar hefur verið í þróun og mótun frá því að hópur ungmenna, sem vildu sjá stað sambærilegan félagsmiðstöðinni sem þau þekktu í grunnskóla í hverfinu sínu, settist niður og hóf störf. Það eru þarfir og raddir þessara ungmenna sem hafa ávallt verið í forgrunni og leiðbeindur verkefnisins hafa samtvinnað við reynslu sína og þekkingu á vettvangi frítímans. Reglulega er fundað með ungmennunum um framgang verkefnisins, sigrar og mistök verkefnisins skoðuð og leitast við að draga lærdóm af þeirri reynslu þannig viðhelst sá hluti hugmyndafræðinnar að ungmennin séu gerendur, ekki bara þátttakendur. Markvisst er leitast við að þau ungmenni sem koma að framkvæmd verkefnisins eins og að vera virkir þátttakendur, haldi viðburði eða standa fyrir annars konar uppákomum og geti síðan ígrundað reynsluna og dregið af henni lærdóm. Með því er gerendahæfni þeirra eflað og þau verða meðvitaðri um áhrif sín í samfélaginu auk þess að markviss valdefling í eigin umhverfi og ábyrgð í samfélagi við önnur ungmenni skilar meðvitaðri einstaklingum út í samfélagið.

Opið er í Íbúðinni á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 19:30-22:30. Auk þess starfa hópar ungmenna utan hefðbundins opnunartíma t.d. leiklistarklúbbur, hópur tónlistarmanna, ræðulið MR svo eitthvað sé nefnt. Þau hafa líka staðið fyrir viðburðum annarstaðar en í húsnæði Íbúðarinnar.

Kelda ungmennahús í Gufunesbæ. Frístundamiðstöðin Gufunesbær hefur umsjón með starfsemi ungmennahússins Keldu og samstarfsaðilar eru meðal annars forstöðumenn félagsmiðstöðva Gufunesbæjar, íþrótta- og tómsfundafulltrúi Miðgarðs, ungmennaráð Grafarvogs og nemendafélög og starfsfólk Borgarholtsskóla ásamt ungmennunum sjálfum. Ungmennahúsið ber nafnið Keldan og hefur aðstöðu í Hlöðunni við Gufunesbæ. Sterk tenging er milli Gufunesbæjar og nemendafélags Borgarholtsskóla. Drifkrafturinn kemur mikið til ennþá í gegnum nemendur Borgarholtsskóla en dagskrá ungmennahússins er einnig opin þeim sem ekki eru í skólanum. Búið er að koma á góðri tengingu við „gamla“ nemendur grunnskólanna í Grafarvogi og í undirbúningi eru árgangkvöld þar sem markmiðið verður að vinna að frekari þróun á ungmennahúsinu í smærri hópum.

Ungmennahúsið hefur verið kynnt fyrir ungmennaráði Grafarvogs sem er mjög áhugasamt fyrir því að koma meira að þróun og starfsemi hússins. Ungmennahúsið er með facebook síðu fyrir verkefnið undir heitinu Keldan ungmennahús. Ákveðinn kjarni af ungmennum hefur myndast í kringum verkefnið og sýnt því mikinn áhuga, tekið þátt og haft frumkvæði að viðburðum/kvöldum sem hafa verið haldin í Hlöðunni. Á þriðjudagskvöldum er opið hús í Keldunni/Hlöðunni. Dagskrá á opnum húsum er skipulögð í samráði við áhugasöm ungmenni. Á fimmtudagskvöldum er stundum opið vegna sérvíðburða sem oft þurfa meiri skipulagningu og eru ætlaðir breiðari hóp. Þátttaka hefur verið mjög góð það sem af er hausti og meiri þátttaka er á skipulögðum viðburðum en þegar einungis er opið hús.

16 + starf í Árseli: Félagsmiðstöðin Tían stóð fyrir reglulegu starfi fyrir 16 ára og eldri s.l. vetur. Félagsmiðstöðvarnar, Fókus og Holtið héldu nokkra viðburði yfir veturinn með þeirri undantekningu þó að í Fókus í Grafarholti var ungmennum boðið að koma í íþróttatíma sem félagsmiðstöðin hafði til umráða einu sinni í viku. Ágætlega var mætt á viðburði og tókust þeir vel.

Í Tíunni var opið annan hvern fimmtudag frá kl. 20-23. Vel var mætt, þ.e. frá 15- 50 ungmenni mættu og var starfsemin byggð var á hugmyndafræði félagsmiðstöðva um opið hús og gátu ungmennin leitað til starfsmanna um aðstoð við framkvæmd viðburða. Einnig var starfandi klúbbur fyrir stráka 17-18 ára að þeirra ósk. Í Fókus nýttu ungmennin sér íþróttahús Ingunnarskóla og mættu í föstudagstíma milli kl. 20-22 og gafst það vel. Félagsmiðstöðvarnar skipulögðu í samstarfi viðburði fyrir ungmenni í borgarhlutanum s.s. kaffihúsakvöld, íþróttaviðburði o.fl. Voru viðburðirnir alls fimm yfir veturinn og mættu frá 40 og upp í 120 á viðkomandi viðburði.

Fylgiskjal 3

Markmið og framtíðarsýn ungmennahússins Jöklu í Vesturbæ

Markmið með öllu starfi Jöklu:

- ▶ Að skapa traust og virðingu hjá foreldrum og ungmennum, ásamt því að þróa gott umhverfi fyrir ungt fólk og tryggja það að hæft starfsfólk sé þeim til halds og trausts.
- ▶ Að stuðla að beinni þátttöku ungmenna sem sækja starfið.
- ▶ Að ungt fólk í Vesturbæ líti starfið sem stað þar sem sjálfstæði, þátttaka, gleði og samhygð eru mikils metin í traustu og þroskandi umhverfi.
- ▶ Að ungmennin líti á hina fullorðnu sem traustar og jákvæðar fyrirmyndir sem gott og gaman er að leita til og umgangast.
- ▶ Að hinir fullorðnu komi til móts við unga fólkið sem sækir starfið og gefi sér tíma til að hjálpa þeim og hlusta á óskir þeirra, þarfir og kynnast þeim sem einstaklingum.
- ▶ Efla ábyrgð og sjálfstæði ungs fólks til þess að takast á við dagleg störf.
- ▶ Að ungmennin upplifi sig sem beina þátttakendur í öllu starfinu, þar sem að þau geta haft áhrif og borið ábyrgð.

Framtíðarsýn

- ▶ Að Jökla þróist áfram sem ákjósanlegt frístundastarf fyrir ungmenni á aldrinum 16 til 18 ára.
- ▶ Að ungt fólk og þarfir þeirra séu í forgrunni í öllu sem við gerum og að starfið miði að því að örva og þroska félagsfærni þeirra.
- ▶ Að efla innra starf og bjóða upp á fjölbreytt starf fyrir ungt fólk.
- ▶ Að brúa bilið á milli grunnskóla og framhaldsskóla, þannig að ungmenni upplifi að þau séu ávallt velkomin í Jöklu.
- ▶ Að ungmennin fái sem mest út úr sínum frítíma sem þau upplifa að sé vel varið.
- ▶ Að ungmenni sjái alfarið um að skipuleggja og halda utan um starfsemi Jöklu.
- ▶ Að vitneskja um starfsemi Jöklu fari sem víðast, þá sérstaklega að ungmenni úr hverfinu séu meðvituð um starfsemina og líti á hana sem sjálfsagðan hluta af allri starfsemi Frostaskjólis.
- ▶ Áherslur í starfinu eru samvinna allra aðila; starfsmanna, stofnana í hverfinu, barna og foreldra.